

Akranesi 12.apríl 2016.

Bæjarráð /bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.

Efni: upplýsingar vegna styrkumsóknar Norræna félagsins til bæjarins.

Með bréfi dags. þann 30.mars sótti Norræna félagið um fjárstyrk til bæjarins m.a. vegna ungmennamóts sem haldið verður í Bamble í september og vinabæjarmóts sem áætlað er að halda á Akranesi næsta sumar.

Áætlaður kostnaður vegna ungmennamótsins er eftirfarandi:


• Flug Keflavík – Osló – Keflavík m.v. upplýsingar á vef Icelandair 12.apríl	250.000 kr
• Rúta Gardemoen – Bamble – Gardemoen m.v. uppl. á vef 12.apríl	60.000 kr
• Flugrúta Reykjavík – Keflavík – Reykjavík m.v. upp. á vef 12.apríl	<u>16.000 kr.</u>
<b>Áætlaður heildarkostnaður</b>	<b>326.000 kr</b>

Hefð er fyrir því að halda sameiginlegan stjórnarfund í norrænu félögunum í vinabæjarkeðjunni þriðja hvert ár, þ.e. ári áður en vinabæjarmót fer fram. Þessi fundur verður haldinn í Närpes í ágúst og stefnir NF á Akranesi að því að senda tvo fulltrúa þangað. Áætlaður kostnaður vegna þeirrar ferðar er 200.000 krónur fyrir flug fyrir 2 auk ferðakostnaðar innanlands. Flugkostnaður er miðaður við verð á beinu flugi 12.apríl.

Að svo stöddu er ekki hægt að skila inn kostnaðaráætlun vegna vinabæjarmóts á Akranesi næsta sumar þar sem stjórn NF vill ræða um framkvæmd mótsins við bæjaryfirvöld áður en ákvarðanir verða teknar um það.

Með bestu kveðju.

Fyrir hönd stjórnar Norræna félagsins á Akranesi



Hjördís Hjartardóttir

